



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. október 2020.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarpi til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, þskj. 14., 14. mál.

A.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Minnir skrifstofan á að samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF), er mismunun gagnvart fötluðu fólki bönnuð á öllum sviðum samfélagsins. Ísland hefur fullgilt samninginn en uppfyllir ekki skilyrði hans, meðal annars að þessu leyti.

MRSÍ minnir einnig á að í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 85/2018, um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna segir að ráðherra skuli innan árs frá gildistöku þeirra leggja fram á Alþingi frumvarp þar sem kveðið verði á um að lögunum verði breytt þannig að þau gildi ekki eingöngu um jafna meðferð einstaklinga óháð kynþætti og þjóðernisuppruna heldur einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins utan vinnumarkaðar, sbr. lög um jafna meðferð á vinnumarkaði. Lögin tóku gildi þann 1. september 2018 svo nú er næstum ár síðan leggja átti frumvarpið fram.

Við endurskoðun laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (sbr. framangreint frumvarp) sat fulltrúi MRSÍ í starfshópi IV sem endurskoða skyldi ákvæði um bann við mismunun á grundvelli kyns. Á fundum starfshópsins var það rætt að útvíkka löggjöfina svo hún tæki til allra mismununarástæðna á öllum sviðum samfélagsins. Benti fulltrúi Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur á að vel hefði tekist til hjá Reykjavíkurborg eftir útvíkkun jafnréttisstefnu borgarinnar og nálgunar. Var og rætt að slík löggjöf þyrfti ekki að missa sjónar af kynjaviddinni. Af hálfu forsætisráðuneytisins var því svarað að horft yrði til borgarinnar á þeirri vegferð sem framundan væri en megin markmiðið væri að lögin væru virk og sniðnir yrðu af helstu vankantar sem hingað til hafi háð virkni laganna. Þá var á það bent að ætlunin er að leyfa lögum nr. 85/2018, um jafna meðferð óháð kynþætti og uppruna og nr. 86/2019, um jafna meðferð á vinnumarkaði að fá að þróast og að markmiðið væri ekki að fella þau saman og gera heildarlöggjöf að þessu sinni. Enn væri ekki komin næg reynsla af nýju löggjöfnni og einungis eitt mál vegna hennar farið fyrir Kærunefnd jafnréttismála.

MRSÍ telur betur fara á því að steypa mismununarástæðum saman í eina heildarlöggjöf en gerir ekki athugasemdir við núverandi fyrirætlun nema annars vegar hvað varðar nauðsyn þess að í löggjöf



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

sem skal verja konur fyrir mismunun séu ákvæði um viðeigandi aðlögun og sértækar ráðstafanir svo fatlaðar konur njóti raunhæfrar verndar fyrir mismunun, sbr. 5. og 6. gr. SRFF. Hins vegar er áréttuð nauðsyn þess að útvíkka gildissvið laga um jafna meðferð á vinnumarkaði samhliða.

B.

MRSÍ fagnar mjög banni við fjölþættri mismunun og skilgreiningu hugtaksins sem frumvarpið leggur til. Kærunefnd jafnréttismála úrskurðar nú á grundvelli þriggja lagabálka og Jafnréttisstofa er framkvæmdaraðili þessara sömu lagabálka. Vafa má telja um það hvort kærunefndin geti úrskurðað á grundvelli allra lagabálkanna í einu eða hvort sérákvæði um fjölþætta mismunun þurfi, en ótalmörg dæmi má finna um fjölþætta mismunun, til dæmis á vinnumarkaði sem hvorki kynjajafnréttislögin né lög um jafna meðferð, ein og sér, ná í raun yfir. Það yrði skýlaust til bóta ef ákvæði væri til staðar sem heimilar kærunefndinni skoða alla löggjöfina saman svo heildar samhengi náist til að geta tekið á fjölþættri mismunun. Því er nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna og, auk þess að útvíkka gildissvið hinna fyrrnefndu, færa þar inn bann við fjölþættri mismunun þannig ná til fjölbreyttari tilvika. Þannig mætti til dæmis ná betur til hópa í viðkvæmri stöðu svo sem fatlaðra kvenna og kvenna með innflytjendabakgrunn eða hvoru tveggja.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri